



Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10

3. desember 2004

A-8  
JLB/bb

150 Reykjavík.

Með erindi dags. 29.11.2004 fór umhverfisnefnd Alþingis fram á umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarp til laga um veðurþjónustu, 131. lögjafarþing, 183. mál, þingskjal 183. Í frumvarpinu er hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu m.a. skilgreint nánar en gert er í gildandi lögum. Þá er í frumvarpinu kveðið á um með skýrari hætti hvað teljist til grunnþjónustu, sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna og kosta skal af almannafé, og sérþjónustu, sem veitt er gegn endurgjaldi á markaðslegum forsendum.

Árið 2003 gerði Ríkisendurskoðun skýrslu um stjórnarsýsluendurskoðun á starfsemi Veðurstofu Íslands og er í fyrirliggjandi frumvarpi m.a. ætlað að bregðast við ýmsum ábendingum, sem settar voru fram í skýrslu stofnunarinnar. Ein af niðurstöðum skýrslunnar var að vinna þyrfti að nýrri stefnumótun fyrir Veðurstofu Íslands m.a. vegna breytts starfsumhverfis hennar og breyttra þarfa þeirra, sem nota þjónustu hennar. Sérstaklega var bent á að taka þyrfti afstöðu til þess að hve miklu leyti skilgreina ætti veðurþjónustu sem samkeppnisrekstur og haga verðlagningu hennar í samræmi við það. Samkeppnisráð hafði áður mælt fyrir um að Veðurstofan stofnaði sérstaka þjónustueiningu um rekstur þeirrar þjónustu, sem telst vera á samkeppnismarkaði, verðleggi öll viðskipti á milli hennar og annarra sviða Veðurstofunnar á markaðsverði og láti gjaldtöku standa undir rekstrarkostnaði hennar (Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 13/2002).

Í frumvarpinu er tekið á þessu með því að skilgreina verkefni Veðurstofunnar á sviði veðurþjónustu ýmist sem grunnþjónustu, sem kostuð er af ríkissjóði, og sérþjónustu, sem veitt er gegn endurgjaldi og er fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi Veðurstofunnar. Að mati Ríkisendurskoðunar er með þessu með skýrum hætti mælt fyrir um hvaða þjónusta skuli kostuð af almannafé og hvaða þjónusta skuli veitt gegn gjaldi. Í reynd er hér verið að lögfesta það fyrirkomulag, sem Veðurstofan hefur í aðalatriðum fylgt á undanförunum árum. Ríkisendurskoðun leggur hins vegar ekki mat á hvort sú skipting verkefna í grunnþjónustu og sérþjónustu, sem lögð er til í frumvarpinu, stuðli að aukinni samkeppni á þessu sviði.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar var einnig vikið að aðgangi, notkun og verðlagningu á opinberum upplýsingum og kemur þar fram að nefnd, sem skipuð var af fjármálaráðherra til að móta stefnu um verðlagningu slíkra upplýsinga, hefði lagt til að sett yrðu lög um

Þessi efni og þar fylgt þeirri meginreglu að allir hafi frjálstan aðgang að upplýsingum gegn sanngjörnum þjónustugjöldum.

Í frumvarpinu er kveðið á um að Veðurstofu Íslands verði skylt að afhenda gögn, sem hún býr til eða aflar við rekstur grunnkerfa og grunnþjónustu gegn greiðslu kostnaðar við öflun þeirra og afhendingu. Undantekning er gerð vegna takmarkana, sem leiða af aðild Íslands að fjölþjóðasamningum um meðferð veðurgagna og tölvuspáa í markaðsumhverfi. Að mati Ríkisendurskoðunar er þessi lagaákvæði í fullu samræmi við þá stefnu, sem stjórnvöld hafa markað.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar var jafnframt mælt til þess að kannað yrði gaumgæfilega hvaða leiðir væru færar til þess að samræma þá veðurþjónustu, sem opinberar stofnanir sinna.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að samræming veðurathuganakerfa opinberra stofnana sé afar æskileg og að henni verði náð með samkomulagi eða samningum á milli Veðurstofu Íslands og annarra opinberra aðila, sem stunda reglulegar veðurmælingar af einhverju tagi. Í 5. gr. frumvarpsins er þannig tekið fram að Veðurstofa Íslands skuli beita sér fyrir samræmingu á grunnkerfum opinberra stofnana svo og fyrirtækja, sem að einhverju leyti starfa á sviði veðurþjónustu. Hér er sú leið farin að fela aðilum að ná samkomulagi um fyrirkomulag þessara mála í stað þess að mæla beinlínis fyrir um hvernig þeim skuli háttað. Telja má að sú leið sé ágætlega til þess fallin að ná fram aukinni samræmingu enda séu allir aðilar tilbúnir að taka þátt í samstarfi. Ætla má að viðkomandi ráðuneyti muni fylgja því eftir að samkomulag verði gert um þessi mál.

Af því sem að framan er rakið má ráða að við gerð frumvarpsins hafi verið tekið tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar í framangreindri skýrslu. Stofnunin telur því ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um frumvarpið og mælir eindregið með samþykkt þess.

